



RAF-BL3 PÆKILBLÖNDUNARKERFI

- Aukabúnaður - Hluti af Raf- S900 sprautusöltunarkerfi
- Sjálfstætt kerfi

LÝSING

Pækilblöndunarkerfi Raf-BL3 er selt sem hluti af Raf-S900 sprautuvélakerfinu eða sem sjálfstæð eining. Búnaðurinn sér um að blanda pækilblöndu í 2 kör fyrir aftan sprautuvél og fyrir sprautuvélina sjálfa með mikilli nákvæmni, eða um $\pm 0,15$ °B. Stjórn kerfisins fer fram á litastnertiskjá þar sem uppskriftakerfi heldur utan um pækilblöndur kara og sprautuvélar. Möguleiki er á skráningu lykilupplýsinga blöndunarkerfisins í skráningarkerfi Raf-SpGraf.

BLÖNDUN Í KÖR

Þegar kar er sett í blöndunarstæði fer kerfið sjálfvirk í gang og blandar þá pækilblöndu sem valin var. Blöndunarkerfi kara stjórnar einnig því afurðamagni sem sett er í karið með fiskskömmtunarbandi og stuðlar því að betri nýtingu.

BLÖNDUN Í SPRAUTUVÉL

Ef blöndunarkerfið er tengt við skömmtunarstöð Raf-IBL er hægt að stjórna og blanda íblöndunarefnum út í pækilblöndu sprautuvélar. Kerfið heldur utan hvað hefur verið blandað yfir daginn og birtir í snertiskjá. Með skráningarkerfi Raf-SpGraf er hægt að vista þessar upplýsingar í gagnagrunn.



KOSTIR PÆKILBLÖNDUNARKERFIS

- Nákvæm blöndun
- Sjálvirk keyrsla, skynjarar skynja kör og blanda sjálfvirk í án þess að það þufi að styðja á takka
- Stjórn á hlutfalli pækilblöndu og fiskmagni í körum
- Blandað eftir þörfum. Engir stórir forðatankar fyrir tilbúna pækilblöndur.

PÆKILBLÖNDUNARKERFI RAF-BL3

Skömmunarstöð skiptist í eftirfarandi einingar:

1. Pækilblöndun kara
2. Pækilblöndun sprautuvélar
3. Fiskskömmunarband
4. Stjórntafla, stýribúnaður



Sjálfstætt kerfi



TENGÐUR BÚNAÐUR

- Skömmunarstöð Raf-IBL-600
- Skömmunarstöð Raf-IBL-25
- Skráningarkerfi Raf- SpGraf
- Sprautuvél Raf – S900